

✉ Re: Dritvík og Djúpalón - Lýsingar

Búið til	18.10.2022 11:22:13
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	18.10.2022 11:22:11
Tilheyrir	📁 202210-0008 - Dritvík og Djúpalón - Lýsingar

Efni

Re: Dritvík og Djúpalón - Lýsingar

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	18.10.2022 11:22:11	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	byggingarfulltrui@snb.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,
Tilvísun í mál nr. 202210-0008 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar, dags. 6. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingar vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags.

Bæði aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið varðar nýja staðsetningu bílastæða og þjónustuhúss fyrir gesti sem koma til Dritvíkur og Djúpalónssands. Svæðið er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Ekki er svigrúm til stækkunar bílastæða á núverandi svæði, en fyrirhugað er að gera bílastæði og reisa þjónustuhús með snyrtingum ofarlega við Djúpalónsveg, norðan vegarins og lagður verði göngustígur þaðan. Þar verði sleppistæði fyrir rútur, en einnig verði rúrustæði ofan/austan Útnesvegar í gamalli efnisnámu sem þjóni sem biðsvæði fyrir rútur.

Fram kemur að framkvæmdir tengdar þessum breytingum muni valda einhverju raski á hrauni en Hólhraun fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem er sérstök verndun. Stækkun bílastæðis við Djúpalónssand er þar einn framkvæmdaþáttur sem mun valda raski sem og endurgerð göngustígs að Dritvík en einnig áætlaður göngustígur frá áfangastað ofan Útnesvegar niður að bílastæðinu við Djúpalónssand. Ekki liggur fyrir hvar sá stígur mun liggja, hvort hann fylgir Dritvíkurveg eða fari gegnum óraskað hraun. Að mati Náttúrufræðistofnunar ber að forðast að raska hrauni að óþarfa og ætti að koma stígnum fyrir sem næst Dritvíkurvegi á öruggan hátt og með sem minnstu raski.

Brýnt er að skipulagáformin og tengdar framkvæmdir séu í samræmi við markmið um friðlýsingu Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls að öllu leyti.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar" <byggingarfulltrui@snb.is>
To: "eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is" <eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is>;
"grundarfjordur@grundarfjordur.is" <grundarfjordur@grundarfjordur.is>; "fiskistofa"
<fiskistofa@fiskistofa.is>; "Erindi - HAFRO" <erindi@hafogvatn.is>; "heilbrigdiseftirlit@vesturland.is"
<heilbrigdiseftirlit@vesturland.is>; "thorsteinn@hev.is" <thorsteinn@hev.is>; "isavia@isavia.is"
<isavia@isavia.is>; "lhg@lhg.is" <lhg@lhg.is>; "Arni.Vesteinsson@lhg.is" <Arni.Vesteinsson@lhg.is>;
"postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "magnus@minjastofnun.is"
<magnus@minjastofnun.is>; "mila@mila.is" <mila@mila.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "os@os.is"
<os@os.is>; "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is"
<samgongustofa@samgongustofa.is>; "lydia@centrum.is" <lydia@centrum.is>; "lulli61@hotmail.com"
<lulli61@hotmail.com>; "ragnhildur" <ragnhildur@snæfellsnes.is>; "vignir@verks.is" <vignir@verks.is>;
"ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Jón Björnsson" <jonb@ust.is>; "office@vedur.is" <office@vedur.is>;
"arni.snorrason@vedur.is" <arni.snorrason@vedur.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>;
"Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "skipulagstofnun@skipulagsstofnun.is"
<skipulagstofnun@skipulagsstofnun.is>
CC: "Ragnar Már Ragnarsson" <ragnar@snb.is>; "Hildigunnur Haraldsdóttir" <hildo@husk.is>
Subject: Dritvík og Djúpalón - Lýsingar
Date: 6.10.2022 13:26:20

Góðan daginn.

Hér í viðhengi eru sendar lýsingar vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags, nýs deiliskipulags og umhverfismatsskýslna. Vinsamlega sendið umsögn eigi síðar en 20. október ef ástæða er talin til.

Kveðja / Regards

Karitas Hrafns Elvarsdóttir

Þjónustufulltrúi / gjaldkeri

Tölvupóstur: karitas@snb.is (<mailto:karitas@snb.is>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)